Er skapast lífs í skini,
er skýið dregur frá,
en týna bari' og blöðum,
er byljir nísta þá.

Er stormur strangur æðir
og steypiregn og flóð,
þá fellur borgin fræga
með falli' á jöfra slóð.

En brotið birki týni
og bý á ný til sal.
Þótt einn sé brott og brotinn,
þá birtir él í dal.

*Reginn.*

# Sólsetur.

Óðum þyngir andardrátt.— —
Eins og grátin meyja
nötra ljós í norðurátt—
nú er sól að deyja.

Ofar jörðu, yfrið hátt,
út um stjörnu heiminn
kvíslast ljós í ýmsa átt
út í bláa geiminn.

Hallar vanga að votum beð,
vorsins þagnar kliður.
Daginn langa dró sér með
í djúpið kalda niður.

Geislastafur glitrar skær
gegnum rúmið auða,
strendur saman tengir tvær—
tilveru og dauða.

*Reginn.*

**HEIMIR** kemur út 12 sinnum á ári, 24 bls. í hvert sinn, og kostar einn dollar árgangurinn.— Afgreiðslustofa og skrifstofa blaðsins verður framvegis í nýju Heimisbyggingunni austan við Unitarakyrkjuna, á suðausturhorninu á Sherbrooke og Sargent strætum, (582 Sargent Ave.) Winnipeg Man. —
Ritstjóri séra Rögnvaldur Pétursson, Winnipeg.
Prentari: Gísli Jónsson, Winnipeg Man.